

28. árs- og 4. haustþing SSNV 23. október 2020

Eins og kunnugt er verður árs- og haustþing SSNV 2020 haldið rafrænt vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Dagskrá og önnur gögn þingsins eru aðgengileg [hér](#).

Hér fyrir neðan eru okkur atriði sem vert er að hafa í huga fyrir rafrænt þing. Við biðjum þingfulltrúa um að kynna sér þau vel til að þingið gangi eins og best verður á kosið.

Leiðbeiningar

- Fundurinn fer fram á Zoom fjarfundakerfinu (<https://zoom.us/>). Mikilvægt er að vera með nýjustu útgáfu kerfisins til að allir möguleikar sem nýttir verða á þinginu verði virkir. Með því að smella hér fer uppfærsla sjálfkrafa í gang <https://zoom.us/support/download>.
- Tengill verður sendur á netföng þingfulltrúa, framkvæmdastjóra sveitarfélaga og gesta þingsins að morgni föstudagins 23. október.
- Nefndarstörf fara fram í rafrænum fundarherbergjum á Zoom. Þegar nefndir hefja störf mun útsendingarstjóri bjóða þingfulltrúum upp á að velja sér nefnd og eru þeir þá fluttir yfir í viðeigandi „fundarherbergi“. Nýjustu útgáfu Zoom þarf til að þessi möguleiki verði virkur. Hann er sýnilegur neðst á skjánum undir More.
- Mættu tímanlega og komdu þér vel fyrir. Best er að hver þingfulltrúi sé við sína tölvu – ef margir hópast saman til að taka þátt í þinginu er hætt á að hljóð og myndi verði óskýrara.
- Hljóð verður betra ef notuð eru heyrnartól með hljóðnema í stað þess að reiða sig á innbyggðan hátalara og hljóðnema í tölvunni.
- Fundargestir verða í mynd á meðan á þinginu stendur. Við biðjum fólk að hafa kveikt á myndavélinni eins og kostur er.
- Við biðjum alla um að stilla á mute þegar þeir eru ekki að tala til að koma í veg fyrir að umhverfishljóð og bergmál trufla fundinn.
- Við mælum með að þingfulltrúar skrái sig inn 10-15 mínútum áður en þingið hefst. Vinsamlegast skráið ykkur inn undir fullu nafni svo fundarstjóri geti séð hver biður um orðið í umræðum.
- Hægt er að fylgjast með þinginu í hvaða tæki sem er, fartölvu, síma eða spjaldtölvu. Besta upplifunin fæst ef fylgst er með í tölvu.
- Hægt er að rétta upp hönd í Zoom og biðjum við fólk um að nýta þann möguleika þegar þingforseti opnar fyrir umræður. Til að rétta upp hönd þarf að velja að sýna þátttakendalista með því að smella á Participants á tækjastikunni sem birtist þegar farið er með músina neðst á skjáinn. Möguleikinn að rétta upp hönd er þar neðst hægra megin (raise hand). [Leiðbeiningamyndband](#).
- Ef þú ert með veika tengingu á þráðlausu neti mælum við með að þú tengir þig með netsnúru.

Tæknileg vandamál á meðan á þingi stendur:

Ef þú lendir í vandræðum við að skrá þig inn, ekki hika við að senda póst á sveinbjorg@ssnv.is eða á kolfinna@ssnv.is eða hringja í síma 8665390 (Sveinbjörg) eða 8636345 (Kolfinna).

Okkar fólk verður á vaktinni og svarar fyrirspurnum eins fljótt og auðið er.